

*Þessi ummin er fundargerður Kvenfél.
Staðarhrepps - Flutt í Salfundi Sambands
Skagfirskra kvenna 27. apríl 2008 í Mússgötu*

Kvenfélag Staðarhrepps 100 ára.

Það er óhætt að segja að kvenfélög í Skagafirði standi á gömlum merg og traustum grunni. Tvö félög eru þegar orðin 100 ára og Kvenfélag Staðar- og Skefilsstaðahrepps verða 100 ára á þessu ári. Þrátt fyrir háan aldur flestra eru engin ellimörk á starfseminni, félögin eru virk og nútímaleg. Starf félaganna hefur verið mjög samofið sögu héraðsins og menningu þó oft hafi borið minna á konum en efni stóðu til, mest sakir hógværðar þeirra, en ég held að við gætum tæpast séð fyrir okkur þetta samfélag án starfssemi kvenfélaganna svo oft og víða koma þau við sögu.

Ég hef lengi haft áhuga á að skoða starf kvenfélaganna og það var fyrir upp. 20 árum að ég fór að leggja leið mína á okkar góða skjalasafn þar sem varðveittar eru fundargerðarbækur félaganna. Ég var forvitin að kanna sögu míns félags þá mest af þeirri ástæðu að leita að einhverju sem varðaði ömmu mína Ingibjörgu Sigurðardóttur frá Geirmundarstöðum sem dó ung frá 10 börnum. Ég hafði heyrt að hún og móðir hennar Ingibjörg Halldórsdóttir sem ég kynntist svolítið sem barn, því hún náði háum aldri, hefðu verið mjög virkar í félaginu á upphafsárum þess og að amma hefði gengið í það 15 ára. Margt varð ég vísari um formæður mínar sen fyllti mig stolti og gleði. En þetta leiddi til þess að ég fór að lesa fundargerðarbækur annara félaga. Og ég heillaðist af þessum sterku og góðu konum og starfi þeirra sem ekkert hefði komið í staðin fyrir. Ég sá að við byggjum á sömu hugmyndafræði og þær og varð undrandi hversu málefni eru keimlík þeim sem við vinnum að í dag, þó tíðarandinn sé auðvitað allt annar og aðstæður okkar mun einfaldari.

Við skulum muna að á þessum áratugum um og uppúr aldamótunum 1900 var fátækt mjög almenn og ekki úr miklu að móða. Ekki voru til Félagsmálastofnanir né almannatryggingar. Tækifæri til menntunar voru fá og ekki sjálfsögð. Öll starfsfræðsla var af skornum skammti. Fólk þyrsti í fróðleik og dreymdi um menntun ekki síst fyrir afkomendur sína. Samtakamáttur þessara kvenna var einstakur og framlag þeirra gat skipt sköpum fyrir þiggjendur.

Þær létu sig varða mál eins og aðstoð við sjúka, aldraða, fátæka, einstæðinga og ekki síst ekkjur og börn. Starfið var því augljóslega mjög persónulegt og náði því aðstoðin var veitt beint inná heimilin milliliðalaust. Haldnar voru barnaskemmtanir safnað í skólabyggingar, félagsheimili og kirkjur. Keyptar voru spuna og kembivélar til heimilisiðnaðar. Málefni ss. skógrækt og garðrækt auk umhirðu kirkjugarða hefur líka borði á góma. Haldnar voru hlutaveltur, barnaböll og jafnvel færð upp leikrit. Og konur gefa af því litla sem þær eiga. Þær sem eiga mjólkandi kýr allt árið skipta á milli sín að miðla mjólk til þeirra heimila sem enga hafa. Þær sjá einnig til þess að öll börn undir fermingu fái ný nærföt fyrir jólin. Um slíkt þurfum við ekki að hugsa í dag – allir hafa nóg að bíta og brenna og komast vel af.

Það er áberandi að félögin sjálf glíma við bágan fjárhag og almennt séð háir það starfinu. Á einum stað stendur frá 1917. “Forstöðukona skýrði frá því að aðalefni þessa fundar væri að taka ákvörðum um hvort barnaballið skyldi haldið eða ekki og var talsvert rætt um það. Nokkrar konur voru því mótfallnar þar eð þeim fannst það ekki tilhlýðilegt á þessum margvíslegu erfiðar og dýrtíðartímum en aftur á móti virtust því fleiri meðmæltar. Samþykkt var að kjósa í nefnd og til að íhuga málið og gera áætlun um hvað ballið myndi kosta og leggja fyrir aukafund hið fyrsta” Nú er ekki spurt um slíka hluti

Ballíð er bara haldið. Og maður fer að hugsa um aðstöðumuninn og áttar sig á því að það er engin tilviljun að konur fóru að halda muna og kökubasara til að safna til góðra verka. Þær áttu í það minnsta efni í brauð og efni í handavinnu einhvers konar þó ekki fengju þær laun fyrir vinnu sína á heimilunum og fáar útvinnandi og nær undantekningalaust voru þær háðar afkomu bænda sinna og velvild til fjárútláta.

En það er greinilegt að konur hafa ánægju að samverunni og margt ber á góma. Hjá mörgum félögum er kvæða og söguupplestur á hverjum fundi og framsögukonur reifa ýmis mál. Og félagsstarfið er borið uppi af áhuga og eindrægni og í gegnum skín vináttan og skilningurinn. .

En Kvenfélag Staðarhrepps var stofnað sunnudaginn 21. júní 1908 og var fundurinn haldinn á Reynistað af húsrú Sigríði Jónsdóttur. Aðalverkefni þessa fundar var að stofna Kvenfélag hér í Staðarhreppi segir á fyrstu síðu fundargerðarbókar.

Ingibjörg Sigurðard. og Guðrún Kristín Eiríksdóttir ætla nú að aðstoða mig við flutninginn og grípa niður í fundargerðir næstu áratuga sem lýsa glöggt starfi félagsins..

Ebba les fáeina kafla (5 kafla)

Starfið næstu árin er með talsverðum blóma um og yfir 20 konur í félaginu. Þær láta sig mjög varða um hag hreppsþúa og eru duglegar að safna fé með hlutaveltum og skemmtunum. Er þá stóra steinhúsið í Vík mikið notað til samkomuhalds. Pétur Sigurðsson tónskáld æfir söng og konur setja upp leikrit á samkomu sem haldin er til að styrkja stúlku til hjúkrunarnáms. Þær láta sig líka varða stór landsmál og 1915 kaupir Kvenfélagið hlutabréf í Eimskipafélagi Íslands og sömuleiðis gefa þær til fyrirhugaðs Landspítala Íslands.

En uppúr 1921 fer stafssemi félagsins að daprast og haldnir eru æ færri fundir á ári. Ekki kemur fram hvers vegna þetta sækir í þetta far etv. er kominn lífi í forystusveitina. Mér dettur td í hug að amma mín hafi á þessum árum ekki verið til stórræðanna vegna anna á stóru heimili en á árunum 1915 – 1928 elur hún 10 börn og er ekki heil heilsu eftir að hún elur sitt síðasta barn 1930 og lést hún 1932 aðeins 39 ára gömul. Eins var með fleiri konur sem höfðu borið starfið uppi af félagslegum áhuga. Húsið í Vík brennur 1924 og er ekki íbúðarhæft um margra mánaða skeið eftir það. Á fundi í júlí 1929 er umræðuefnið “hvernig eigum við að koma lífi í þennan litla félagsskap okkar” og síðasta fundargerð er skráð síðar það ár og á fundinn eru einungis mættar 6 konur.

Félagið sofnar en er ekki lagt niður formlega.

En þau tíðindi gerast að föstudaginn 8. júní 1951 er boðað til fundar í samkomuhúsi Staðarhrepps í Kvenfélagi Staðarhrepps. Þá hafði verið í gangi undirbúningsvinna við endurreisn félagsins og endurskoðun á lögum þess. Má ætla að það hafi verið Sigrún Pálmadóttir á Reynistað ásamt tendadóttur sinni Guðrúnu Steinsdóttur sem báru hitann og þungan af þessum undirbúningi.

Nú les Guðrún Kristín fyrstu fundargerð hins nýendurreista félags og nokkrar greinar nýrra laga sem enn eru við lýði í félaginu okkar.

Gunna Stína les

Starfið næstu áratuginu í félaginu er mjög blómlegt og í ákveðnu fari sem virðist falla vel að félagsskapnum. Konur eru sífellt að hugsa um samfélagsleg velferðarmál. Þær gleyma sem betur fer ekki að rækta vináttuna og eiga saman góðar stundir fara í ferðalög saman og hittast óformlega. Á Kyndilmessu 1967 ritar Guðrún á Reynistað í fundargerðarbókina stutta skýrslu um starfið.

Gunna Stína les

Þegar ég fer yfir starfið í félaginu á árunum frá 1970-90 þá sé ég að félagið er hvað virkast og lætur talsvert að sér kveða bæði hvað varðar innra staf félagsins svo og útávið. Við eigum eins og fyrr segir 10% í þessu félagsheimili og stækkun þess er á dagskrá og byggt er við það með tilheyrandi fyrirhöfn og kostnaði. Við tókum fulla ábyrgð á því ferli og hvílir þau árin mikið á húsnefnd og byggingarnefnd þar sem kvenfélagið á fulltrúa. Er óhætt að fullyrða að af öðrum ólöstuðum þá áttu þær Guðrún Steinsdóttir á Reynistað og Solveig Arnórsdóttir í Útvík þar stærstan hlut með sínum dugnaði og óbilandi áhuga. Við dekkuðum okkar hlut á allan þann máta sem okkur var mögulegt, með beinhörðum peningum, með sjálfböðavinnu við málningu og þrif og við tókum iðnaðarmenn í fæði endurgjaldslaust heilu mánuðina. Húsið hefur verið okkar fundarstaður og þar hafa okkar helstu fjáraflanir farið fram. Við eigum líka skúr við Staðarrétt sem við höfum sinnt og verið með veitingasölu í réttum.

Okkur voru umhvefismálin hugleikin enda talsverð vakning á þessum árum. Engin skipulögð sorphirða var í hreppnum og hafði kvenfélagið ítrekað forgöngu um að hafa hreinsunardaga, á brotajárni og hvers kyns rusli, gjarnan fyrir 17.júní. Hreppsnefnd tók málaleitan okkar ævinlega vel og fór að vilja okkar og kostaði átakið hverju sinni uns almenn sorphirða varð að veruleika. Árið 1979 ræddu kvenfélagskonur um nauðsyn þess að komið yrði upp garðávaxtageymslu í hreppnum. Ritað var bréf til hreppsnefndar og búnaðarfélags hreppsins og haustið 1980 er risin stór kartöflugeymsla í Vík sem hvatti mjög til almennrar garðræktar á svæðinu.

Sem fyrr lét kvenfélagið sig mjög varða skóla hreppsins sem var til húsa í Melsgili og studdi starf hans. Sömuleiðis kirkjuna og kirkjugarðinn á Reynistað.

Innra starfið er blómlegt. KÍ Kvenfélagasamband Ísl skipuleggur námskeið af ýmsu tæi og við erum einnig í Sambandi Norðlenskra kvenna sem auglýsir fjölda námskeiða á hverju ári sem konur nýttu sér vel. Ég man eftir vikulöngu námskeiði í flosi, púða og skermagerð, sokkablómagerð og frægt taumálunarnámskeið var haldið. Vinnuvakan festir sig í sessi sem sameiginlegt verkefni kvenfélaganna í Skagafirði svo og sjúkrahúsheimsóknirnar og Haustvakan. Við höfum líka eins og öll félögin innan vébanda KÍ sinnt alþjóðlegu hjálpar og þróunarstarfi og kvenfélagið eignaðist litla stúlku í Nepal SOS barn.

Nú les Ebba úr fundargerð frá 19.mars 1983 sem dæmi um þetta skeið.

Ebba les

En tímarnir breytast og félagstarfið verður að taka mið af samfélagsþróun og áhugamálum félagskvenna. Seinustu 20 árin er það frekar venja en undartekning að konur

vinni utan heimilis. Það þýðir að sjálfsögðu að minni tími er til félagsstarfa og erfiðara er að finna hentugan fundartíma. Samgöngur hafa batnað til muna og afar margt er í boði sem freistandi er að taka þátt í aukið framboð á fræðslu og lengra námi auk skemmtana af öllu tæi og það er setið um sálirnar. Samt lifir kvenfélagið okkar góðu lífi- ekki fækkar í því en félagskonur búa alls ekki endilega á hinu gamla starfssvæði þess – Staðarhreppi. Við höfum reynt að sníða okkur stakk eftir vexti og erum að sinna ákveðnum hefðbundnum verkefnum í félaginu ss. fjáröflun í réttum og einnig tökum við þátt í föstum verkefnum sambandsins okkar. Einnig finnst okkur sjálfsagt að taka að okkur erfidrykkjur þegar sveitungar í okkar sóknum óska eftir liðsinni. Við plönnum færri námskeið en styrkjum þær konur sem þess óska og framboð í kringum okkur er heilmikið. Við höfum seinni ár farið árlega í dagsferðir á sumrin eða leikhúsferð Tvisvar höfum við farið saman til útlanda. Það er gaman að vinna saman en nauðsynlegt að líta upp öðru hvoru og slaka á og skemmta sér. Konur kynnast þannig á annan hátt og fá smá umbun fyrir mikla vinnu fyrir félagið sitt. Og það ríkir oft mikil tilhlökkun þegar verið er að plana skemmtilegheitin. Guna Stína leiðir ykkur í sannleikann um það.

Gunna Stína

En það er brekkur í starfinu eins og lífinu yfirleitt. Við kvörtum stundum yfir því að okkur þyki dauflegt og jafnvel íþyngjandi að vera í kvenfélagi þegar mikið er að gera. Það gerðu formæður okkar líka. Las í fundargerð frá 1918 “ þá segir ein kona að sér finnist fundirnir daufir og tilbreytingalausir og óskaði eftir einhverri tilbreytingu og stakk uppá kvæðaupplestri” var gjörður að því góður rómur og ákeðið að kjósa tvær konur fyrir hvern fund til að skemmta með upplestri. Hér sjáum við að kjósum við breytingar þá koma þær einungis frá okkur sjálfum. Eins er það í dag , viljum við að félögin okkar lifi góðu lífi þá er það undir okkur komið að halda þeim ungum og nútímalegum og sníða starf þeirra að tíðarandanum og félagslegri þörf okkar og því samfélagi sem við búum í. Við skulum samt ekki gleyma fortíðinni og hljótum að meta og dást að þessum framsýnu og hugrökku konum sem vörðuðu leiðina fyrir okkur sem á eftir rötuðum. Það sem þær lögðu af mörkum hefur orðið okkur til fyrirmyndar og eftirbreytni. Ég hef ekki í þessari samantekt verið að telja upp formenn og stjórnir á hverjum tíma en það er alveg ljóst að oftast er það góð forustusveit sem ber uppi félagsstarfið og leiðir stefnuna. Það felst líka ákveðið félagslegt uppeldi í því að vera í hópi sem lýtur lýðræðislegum lögmálum og fundarsköpum og það er talsverð kúnt að leiða starf þar sem konur á öllum aldri með ólíkar skoðanir koma saman. Málamiðlanir og vægi atkvæða ræður ævinlega úrslitum ef uppi eru álitamál. Þessar fundargerðir sem ég hef þælt í gegnum bera þess merki allt frá fyrstu tíð. Stíll þeirra er makalaust skýr og greinilegur . Rithönd smekklegr og læsileg ,stafsetning og réttitun í góðu lagi . Fundarstjórn virðist í öruggum höndum og afgreiðslur eru málefnalegar.

Ágætu konur ég trúi því að þið kannist við svipað ferli í ykkar félögum þegar litið er yfir farinn veg. Það er mín einlæg von og trú að okkur öðlist að halda kvenfélögunum vel lifandi og að þau verði kostur sem konur telja eftirsóknarverðan. Mér finnst það gaman að vera í félagi sem er 100 ára en er þó svo frískt og glatt. Þakka ykkur fyrir samstarfið í SSK undanfarin ár , fyrir daginn í dag og ég vona að þið hafið haft gaman af þessari litlu samantekt.

Ingibjörg / Ebba

Ár 1908 sunnudaginn þann 21.júní var haldinn fundur á Reynistað af húsfrú Sigríði Jónsdóttur sama staðar. Aðalverkefni þessa fundar var að stofna Kvenfélag hér í Staðarhreppi.

1. Voru lesin upp lög kvenfélagsins á Sauðárkróki til þess að skýra fyrir fundarkonum ætlunarverk kvenfélaganna.
2. Þá samþykktu þær fundarkonur er hér voru að stofna kvenfélag fyrir Staðarhrepp og gengu þær allar í þetta kvenfélag.
3. Fór þá fram kosning á starfskonum fyrir félagið og hlutu þessar húsfrúr og ungfrúr kosningu.:

Sigríður Jónsdóttir Reynistað, forstöðukona
Guðrún Ólafsdóttir Páfastöðum, varaforstöðukona
Mínerva Sveinsdóttir Hóli, gjaldkeri
Guðlaug Eiríksdóttir Litlu Gröf, varagjaldkeri
Karlotta Albertsdóttir Páfastöðum, skrifari
Elísbet Magnúsdóttir Stóru Gröf, varaskrifari
Maria Jóhannsdóttir Stóru Gröf og
Ingibjörg Sigurðardóttir Geirmundarstöðum, endurskoðendur.

4. Síðan greiddu konur árstíllag og afhentu gjaldkera er skrifaði það hjá sér.

Undir þessa fundargerð skrifuðu 22 konur og samþykktu lög þess.

Næst ætla ég að lesa fyrstu greinar laga félagsins.

- 1.gr. Félagið heitir Hið skagfirska kvenfélag í Staðarhreppi.
- 2.gr Tilgangur félagsins er að styðja að því að menning og réttindi kvenna aukist, einnig vill það styrkja allt það sem að þess áliti horfir til gagns og og framfara.
- 3.gr. Hver kvenmaður 15 ára og eldri hefir rétt til að ganga í félagið með samþykki félagskvenna á fundi.
- 4.gr. Árstíllag er ein króna, sem greiða skal fyrirfram á aðalfundi. Þeir sem ganga í félagið milli aðalfunda, greiða eina krónu fyrir yfirstandandi ár.
5. Félagið heldur aðalfund ár hvert og boðar forstöðukona til hans með nægum fyrirvara

Þá langar mig að lesa upphaf fundargerðar frá 27.des 1908 frá fjórða fundi félagsins en hann er haldinn í Vík.

1. Var lesin upp fundargerð síðasta fundar og skýrsla um framkvæmdir kvenfélagskvenna með gjafir handa fátækum börnum fyrir jólin.

2. Málefni um kvenréttindi. Framsögumaður Sigríður J. Hafsteins. Nokkrar konur töluðu í málinu og voru þær allar sammála um að nauðsynlegt væri að jafnrétti komist á sem fyrst. Rætt var um að kvenfólk væri lítt fært um sum erfið embætti td. læknisstöður upp til sveita, en ýmis önnur störf var álitid að kvenfólk mundi fært um jafnt og karlmenn og þar sem allar fundarkonur voru með kvenréttindamálinu var það málefni útrætt.
3. Málefni um skemmtanir. María Jóhannsdóttir framsögumaður áleit að dans og söngur væru þær skemmtanir sem helst væru notaðar. Sigríður forstöðukona og fleiri álitu dansinn mjög hættulegan sökum þess að fólk gæti fengið ýmsa sjúkdóma af honum td á danssamkomum en söngurinn hollur og skemmtilegur og var því álit fundarins að betra væri að nota söng meira en dans.

Og þá les ég tvær stuttar fundargerðir frá 1911 þar sem bókmenntir og menning ráða ríkjum.

Sunnudag 1.júlí er fundur haldinn í Litlu Gröf í Kvenfélagi Staðarhrepps.

Forstöðukona setti fund og stýrði honum.

Fundargjörð frá síðasta fundi lesin upp.

Karlotta Albertsdóttir las upp kvæðið Kvenfrelsi eftir Guðrúnu Ólafsdóttur orkt 1910.

Elisabet Magnúsdóttir las upp smásögu Góðir kunningjar.

Karlotta Albertsdóttir las upp ritgerð eftir sig, - Vorhvöt. Hún lýsir þar áhrifum vorsins á lífið hið ytra og innra. Forstöðukona las upp tvö kvæði Guðrúnu Ósvifursdóttur og Hildigunnur eftir Grím Thomsen. Fundi slitið

Hin fundargerðin er frá 6.ágúst sama árs og er fundurinn haldinn á Geimundarstöðum.

Forstöðukona setti fundinn og stýrði honum. Fundargerð síðasta fundar lesin

upp. Forstöðukona las upp Ævintýri hirðingjans eftir Einar Benediktsson.

Karlotta Albertsdóttir las upp kvæðið Mjöll konungsdóttir eftir Stefán G. Stefánsson.

Sigríður Bergmann las upp smásögur eftir Gest Pálsson.

Rætt um hvort ei mundi heppilegra að hafa framsögumenn. Fundarkonur voru allar mð því annars myndu fundir vera of einhliða og tilbreytingalitlir.

Karlotta Albertsdóttir las upp sögu eftir sig, Vetur. Ingibjörg Sigurðardóttir las upp kvæðið Betlikerlingin eftir Gest Pálsson. Fundi slitið

Loks hér ein ágæt frá 26.janúar 1913. en sá fundur er haldinn á Páfastöðum.

Forstöðukona setti fund og stýrði honum. Þessi mál voru rædd á fundinum.

1. Samþykkt að kaupa "krokkett" til skemmtunar fyrir félagskonur. Sigríði Jónsdóttur falið á hendur að útvega það.
2. Sigríður Jónsdóttir hóf máls á því að til vandræða horfði hvað heimilisiðnaðurinn væri í mikilli afturför. Sagði hún að nú væri mest áherslan lögð á bóklegt og að sauma en tóvinnu lærðu stúlkur lítið hjá því sem áður hefði verið. Kom hún fram með þá uppástungu að að koma á fót námskeiði þótt ekki væri nema svo sem hálf mánaðr tíma ár hvert er veitti stúlkum tilsögn í ýmsu er að iðnaði liti svo sem vefnaði ,prjóni ofl. Miklar umræður urðu um málið og oru félagskonur allar á því að ekki gætu þær tekið sér annað þarfara fyrir hendur en að vinna eitthvað að verklegri þekkingu á félagssvæðinu. Tímans vegna var ekki hægt að gera út um málið á þessum fundi.
3. Rætt um skemmtisamkomu er félagskonur ákváðu að halda laugardaginn 1.febrúar nk Í nefnd til að sjá um samkomuna voru þessar að félagskonum kosnar: Karlotta Albertsdóttir, Elísabet Magnúsdóttir, Margrét Sigurðardóttir, Guðmunda Björnsdóttir, Elín Þórarinsdóttir.Í félagið gengu Elísabet Evertsdóttir, Guðmunda Björnsdóttir og Ingibjörg Sveinsdóttir.

Aðalfundur Kvenfélags Staðarhrepps haldinn í Melsgili 19.mars 1983

1. Solveig Arnórsdótti formaður setti fund og bauð konur velkomnar og þakkaði vetrarstarfið, einkum þó heimafundina og Góugleðisnefnd fyrir vel heppnaða skemmtun. Tvö námskeið voru haldin: í sokkablómagerð og smurbrauðsnámskeið.
2. Því næst las Ingigjörg Hafstað upp fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt.
3. Guðný Friðriksdóttir gjaldkeri gerði því næst grein fyrir reikningum félagsins. Eignir félagsins nema 78.567 og tekjur umfram gjöld eru 29,371. Reikningar samþykktir.
4. Fulltúi í byggingarnefnd Melsgils Guðrún Steinsdóttir sagði frá fundi með Árna Ragnarssyni arkitekt nýverið, varðandi endurbyggingu Melsgils. Árni mun hafa tillögur tilbúna eftir sælúviku og bera undir eigendafund og síðan hreppsfund þar sem tekin verður ákvörðun um stækkun á húsinu.
5. Solveig ræddi því næst um 40 ára afmæli Sambands skagfirskra kvenna. Afráðið er að halda uppá það í Bifröst á Sauðárkróki 11.maí. Af því tilefni hefur Pála Pálsdóttir verið beðin um að taka saman

erindi um sögu sambandsins og Emma Hansen að semja brag. Þá verður stór sýning á alþýðulist í Skagafirði. Kvenfélögin munu leggja til veitingar.

Solveig ræddi því næst um sumarstafrið. Vinna við kirkjugarðinn er helsta verkefnið að planta trjám og sumarblómum. Bar þá tillögu undir konur hvort þær kysu heldur að kosin yrði nefnd til að undirbúa starfið með sóknarnefnd eða að stjórnin sæi um það áfram. Þær vildu fremur að stjórn sæi um það.

Ræddi þvínæst um að gaman væri að komast í dagsferð í sumar og jafnvel að standa fyrir ferð fyrir eldri borgara í hreppnum.

Þá bar umhverfismál næst á góma. Rætt var um ruslahreinsun í hreppnum. Ragnheiður í Glæsibæ var fús að taka það að sér að hrinda því í framkvæmd. Þá voru og til umræðu kamrarnir við réttina og hversu ömurlegt það væri að sjá þá svona ónýta rétt við þjóðveginn. Stjórn útbjó tillögu til hreppsnefndar á þessa leið: "Aðalfundur Kvenfélags Staðarhrepps haldinn í Melsgili 19.03.83 skorar á Hreppsnefnd Staðarhrepps að bæta úr hreinlætisaðstöðu við réttina. Gömlu kamrarnir eru orðnir úreltir og þarf að fjarlægja þá. Ennfremur vilum við vekja athygli hreppsnefndar á hundahreinsunarskúrnum sem nauðsynlega þyfti að mála þar sem hann stendur svo nálægt þjóðvegi og er sannarlega ekkert augnyndi fyrir þá sem um brautina fara".

6. Var þá komið að kosningum. Ein kona í stjórn. Solveig gengur úr stjórn í þetta sinn. Atkvæði féllu þannig að Guðlaug Arngrímsdóttir fékk flest atkvæði og Margrét Kristjánsdóttir var kjörin til vara. Því næst var Birna Stefánsdóttir kosin í húsnefnd Guðrún Steinsdóttir í Byggingarnefnd Melsgils, Ragnheiður Björnsdóttir í hreinsunarnefnd. Í ferðanefnd voru tilnefndar Salmína, Guðrún Gunnsteins og Solveig. Að síðustu voru kosnar tvær konur til að sitja Sambandsfund þann 30. apr. nk. þær Guðlaug, Guðrún Steinsd. og Guðný Friðriksd. Var þá hefðbundnum aðalstörfum lokið og fundi slitið. Ræddu konur þó saman yfir kaffi og kökum enn um sinn.

Gunna Stína

Föstudaginn 8.júní 1951 var haldinn fundur í Samkomuhúsi Staðarhrepps í Kvenfélagi Staðarhrepps.

Forstöðukona setti fundinn og stýrði honum. Á fundinn eru mættar 19 konur. Þetta gerðist á fundinum:

1. Samþykkt lög félagsins
2. Ákveðið að halda skemmtun til fjáröflunar og voru þessar konur kosnar í skemmtinefnd. Áslaug Sigurðardóttir, Ingibjörg Hallgrímsdóttir og Guðrún Steinsdóttir.
3. Samþykkt að fara í berjaferð í sumar. Voru þessar tilnefndar til að sjá um ferðina: Mínerva Gísladóttir, Elinóra Jónsdóttir og Ingibjörg Hallgrímsdóttir.
4. Samþykkt að konur gæfu renning á gólfið í Reynistaðarkirkju. Lagði hver kona fram 10.00 krónur. Ef afgangur verður þá rennur það í félagssjóð.

Undir rita Sigrún Pálmadóttir forstöðukona og Guðrún Steinsdóttir ritari

Í annari grein nýsamþykktara laga eru listuð upp markmið félagsins:

- a) Að styðja að menningu kvenna og auknum réttindum þeirra.
- b) Að vinna að því með útvegum tækja og leiðbeiningu að auka þægindi á heimilunum til þess að létta störf húsmóðurinnar og auka afköst.
- c) Að stuðla að fegrun heimilanna á félagssvæðinu með útvegum leiðbeininga og fyrirmýnda.
- d) Að hjálpa bágstöddu fólki í hreppnum
- e) Að vinna að því að prýða sóknarkirkjurnar og grafreitina á félagssvæðinu.

Félagar geta sem fyrr orðið allar konur á félagssvæðinu sem orðnar eu 15 ára og eldri og árstíllagið er 10 krónur.

Skýrsla Guðrúnar:

Eins og framanskráðar fundargerðir bera með sér hefir kvenfélagið unnið að ýmsum félagsstörfum í sveitinni. Auk þess sem getið í þeim, hafa félagskonur í síðustu 10 ár haft innbyrðis félagsskemmtifundi, venjulega 3 fundi á ári. Komið saman með handavinnu sína, með þrjón eða útsaum á heimili einhverrar félagskonunnar, og haft umræðufundi og kaffi-samdrykkju, auk ýmissa annara skemmtiatriða. Er nú þegar búið að fara eina yfirferð milli heimila félagskvenna, með þessa starfsemi við lok ársins og nú þegar byrjað á árinu 1967 á næstu yfirferð. Hafa þessir fundir gefist mjög vel með því að auðga félagsandann og glæða starfsemi

félagsins bæði útávið og innbyrðis og munum við því reyna að viðhalda þessum sið framvegis.

Það er liðurinn önnur mál 19.okt 98. Þegar við erum að undirbúa okkar fyrri utanlandsferð til Edinborgar: Salmína Tavsén ritar. Þessi dagskrárliður er tekinn fyrir með kaffi og dýrindis kökum, og þar sem ritari hefur of mikið að gera tók Ingibjörg að sér að klára af diskinum hennar líka, góð megrun það. Nú tóku konur að ræða af miklu kappi þessa frábæru ferð okkar og voru áhyggjuefni af ýmsum toga. Birna var ekki viss um hvað óhætt væri að taka með sér mörg pund, það er segja í peningum ekki vigt. Sissa vill helst skilja eyrun eftir heima þar sem flugið fer svo illa í þau. Guðný telur betra fyrir okkur að vera í fötum og Ingibjörg sagðist ætla að vera í sokkum í þessari ferð. Solveig heldur að það verði frekar kalt á okkur en það tel ég hins vegar mesta misskilning. Ekki veit ég hvað Gulla í Gröf var að hugsa þegar hún sagði að engin barnaföt fengjust í Róm. Er hún að fara eitthvað annað er við? Eitthvað voru Guðný og þær á hinum borðsendanum að tala um að við yrðum í pelli og purpura ég náði þessu ekki almennilega. Birna ætlar að passa það að við borðum nóg og vill fá einn ís áður en hún fer að sofa. Eitthvað var verið að tala um bjór og vín og einhver nefndi vatn og líka að við mættum ekki gleyma því að við værum ekki heima á Íslandi- líklega vegna vatnsins.”